

NPK ehf.
Reykási
845 Flúðum

Akureyri, 9. júní 2021
UST202105-092/H.Ö.J.
07.07.02

Niðurstöður eftirlits með plöntuverndarvörum

Þann 10. maí 2021 stóð Umhverfisstofnun fyrir eftirliti með plöntuverndarvörum hjá NPK ehf. til að athuga hvort þær uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013.

Eftirlitið leiddi í ljós að tvær vörur sem féllu undir umfang eftirlitsins uppfylltu ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013, reglugerðar nr. 544/2015 og reglugerðar nr. 980/2015. Um er að ræða vörurnar *Neem-Azal T/S* og *Turex 50 WP*.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um merkingar og þau frávik frá téðum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir NPK ehf. frest til 23. júní 2021 til að senda stofnunni:

- **Afrit af merkimiðum fyrir vörurnar *Neem-Azal T/S* og *Turex 50 WP* sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna, í samræmi við skilyrði 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörur.**

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202105-092. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is

Umhverfisstofnun veitir NPK ehf. hér með frest til 23. júní nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 16. júní nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það með rökstuðningi til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 15. júní nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnunni heimilt að beitar þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr., og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni

eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Helgu Aspar Jónsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um plöntuverndarvörur í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið helgaj@ust.is.

Virðingarfyllt,

Helga Ösp Jónsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>